


Alþingi
Erindi nr. P 130/1021
komudagur 20.2.2004



SIGLINGASTOFNUN

ÍSLAND 
102
19-02-2004

Alþingi
Samgöngunefnd
Við Austurvöll
150 Reykjavík

Kópavogi, 18.02.2004
Tilv. 023
HJ


Siglingastofnun vísar til bréfs samgöngunefndar Alþingis dags. 9. febrúar 2004, þar sem stofnuninni er sent til umsagnar frv. til laga um Siglingastofnun Íslands, 467. mál.

Siglingastofnun kom að samningu frumvarpsins með samgönguráðuneytinu og leggur áherslu á að frumvarpið nái fram að ganga sem fyrst. Stofnunin vill þó leggja til að 13. tölul. b-stafliðar 1. gr. orðist svo: "Að annast framkvæmd laga um siglingavernd."

Þess ber að geta að nú er til umfjöllunar á Alþingi frv. til laga um siglingavernd og er þar gert ráð fyrir að Siglingastofnun fari með framkvæmd þeirra laga. Heiti þess frumvarps breyttist í meðförum eftir að frv. til laga um Siglingastofnun var lagt fram og heitir nú frv. til laga um siglingavernd.

Siglingastofnun vill jafnframt leggja til að bætt verði við ákvæði 2. tölul. c-stafliðar 1. gr. og hann orðist svo: "Með sölu á sérhæfðri þjónustu á starfssviði stofnunarinnar, þ.m.t. útgáfa starfsleyfa, atvinnuskírteina og undanþága vegna starfa á skipum." Siglingastofnun telur rétt að tiltaka nánar þau atriði sem undir þennan lið falla.

F.h. Siglingastofnunar Íslands,



Hermann Guðjónsson,
siglingamálastjóri